

Heimsóknartakmarkanir á Silfurtúni

Á fundi hjúkrunarheimilanna 27. júlí 2021 var samstað í að setja grímuskylduna á aftur og er því nú **grímuskylda á Silfurtúni** frá og með deginum í dag.

Einnig er grímuskylda ef farið er í bíltúr. https://assets-global.website-files.com/5e6391ca58df44e9d6709b1e/5ff44eb53d26359ba5d81baa_Covid19-her-er-grimuskyl-da-plakat-rgb.pdf

Set hér til fróðleiks slóð með upplýsingum um grímunotkun

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item42254/Lei%C3%B0beiningar.%20Hl%C3%A0f%C3%B0argrimur%2030.07.2020.pdf>

Áfram höldum við okkur við að gestir fari inn um garðdyrnar hjá hverjum og einum íbúa og koma ekki inn í sameiginleg rými heimilisins.

Ef íbúi er ekki inni hjá sér eða er ekki fær um að opna garðdyrnar hafið þá samband í síma 430 4770 og látið vita af ykkur.

Mælst er til þess að heimsóknargestir hjúkrunarheimila séu eingöngu í heimsókn inni á herbergjum íbúa (**skylda á Silfurtúni**). Biðlað er til aðstandenda yngri en 30 ára að sleppa heimsóknum tímabundið vegna aðstæðna.

Gestir mega ekki koma í heimsókn ef þeir:

- ✚ Eru í sóttkví.
- ✚ Eru í einangrun.
- ✚ Eru ekki fullbólusettir og hafa dvalið erlendis og ekki liðnir 14 dagar frá heimkomu eða eru fullbólusettir og hafa ekki farið í sýnatöku eftir heimkomuna og ekki eru liðnir 5-7 dagar eru að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku sem þeir fóru í strax eftir heimkomu.
- ✚ Hafi verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá því að einangrun lauk.
- ✚ Eru með einkenni sem gætu bent til COVID-19: Hósta, hálssærindi, mæði, **niðurgang**, **uppköst**, hita, höfuðverk, kviðverki, beinverki eða þreytu.

Uppfært 29. Júlí 2021. Vegna fjölda smita í þjóðfélaginu **um allt land** viljum við á Silfurtúni biðlar til ættingja og vina að draga úr heimsóknum á heimilið næstu daga.

Einnig óskum við eftir því að það komi **bara einn, í mesta lagi tveir í heimsókn á dag**.

Þessar takmarkanir geta breyst og eru stöðugt í endurskoðum, en vonandi þurfum við ekki að herða heimsóknar takmarkanir meir.

Þetta er ekki búíð og enginn að nenna þessu, en við stöndum þetta af okkur, eins og alla annað sem Íslenska þjóðin hefur staðið af sér hingað til, og er miklu auðveldara að gera ef við stöndum saman. Við erum búinn að standa okkur vel til þessa og höldum því áfram.